

Nr. 17-122 S 091 Kalli Elínar ÍS 149**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7393
Útgerð: Tungukollur ehf.
Smíðaður: Hafnarfirði, 1994, trefjaplast.
Stærð: 6,19 brl. 4,95 bt.
Mesta lengd: 8,39 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,63 m
Vél: Volvo Penta, 159,6 kw, 2004.
Fjöldi skipverja: 1



Kalli Elínar © Þróstur Albertsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. ágúst 2017 var Kalli Elínar ÍS 149 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NNA 9 m/s.

Á miðunum fékk báturinn í skrúfunu og óskað var eftir aðstoð. Bliki ÍS 203 dró bátinn til hafnar á Suðureyri.

Við rannsókn kom fram:

- að aukaspotti sem var fastur í rekakeri fór í skrúfu bátsins en skipverjinn hafði átt í erfiðleikum með að ná því inn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.